

Erindi til fræðslunefndar

Foreldrafélag sameinaðra skóla hélt opinn fund sunnudaginn 14. janúar. Á fundinum komu fram ýmsar spurningar sem foreldrar í samfélaginu óskuðu eftir að fá svarað auk hugmyda að lausnum og breytingum til framfara. Stjórn foreldrafélagsins tók að sér að koma þessum upplýsingum áfram til þeirra nefnda sem málefnið heyrðu undir.

Málefnið eru eftirfarandi:

1. Viðgerðir á skólahúsnæði
  - a. Hver er staðan á endurbótum á húsnæðinu? Hvaða verkþáttum er lokið og hvaða verkþættir eru ann eftir?
  - b. Hversu mikið hafa viðgerðir kostað nú þegar?
  - c. Hversu mikið er áætlað að útistandi verkþættir muni kosta?
  - d. Hvað á að gera við gamla hluta skólans og hvenær?
  - e. Hvað á að gera við bókasafnið og hvenær?
  - f. Hafa verið pöntuð ný húsgögn? Hvanær er von á þeim? Má taka þau til notkunar um leið og þau koma?
  - g. Hefur verið gert ráð fyrir listgreinastofu í uppgerðu húsnæði? Hvað þá og með hvaða búnaði?
  - h. Hvenær má gera ráð fyrir að sameinað skólastarf færist aftur í húsnæði skólans að fullu?
2. Námskröfur
  - a. Er farið eftir aðalnámsskrá á allan hátt í núverandi skólahúsnæði? Hér veltum við sérstaklega fyrir okkur stöðu list- og verkgreina og nemendum sem hallast síður að bóklegu námi.
3. Líðan undir álagi og við langvarandi óviðunandi starfsaðstæður.
  - a. Hvernig líður starfsfólki?
  - b. Hvernig líður nemendum?
  - c. Hvað er gert til að komast til móts við stöðuna og tryggja vellíðan og vinnugleði?
4. Syskinaafsláttur
  - a. Ætti systkinaafsláttur, t.d. á hádegisverði, ekki að gilda á milli skólastiga þar sem um sameinaðan skóla er að ræða?

Við óskum eftir að nefndin taki erindið fyrir og vísi áfram til sveitarstjórnar eða annarra nefnda eftir atvikum. Jafnframt óskum við eftir skriflegu svari við hverri spurningu fyrir sig.

Með fyrirfram þökk.

Foreldrafélag leik- og grunnskólans